

Sp.

573. Fyrirspurn

[360. mál]

til utanríkisráðherra um geymslu kjarnorkuvopna og komur herskipa til landsins.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Taka yfirlýsingar utanríkisráðherra um að kjarnorkuvopn séu ekki geymd hér á landi einnig til herskipa sem koma í hafnir hérlendis eða sigla um íslenska lögsögu?
2. Er utanríkisráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að banna siglingar herskipa um íslenska lögsögu og komur þeirra í hafnir hérlendis nema fullvíst sé að þau beri ekki kjarnorkuvopn?